

MINNISPUNKTAR TIL ÍSLANDSDEILDAR

af forsætisnefndarfundum Vestnorræna ráðsins, fundi forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs og fundum forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með ráðherrum Vestur-Norðurlanda á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 2.–4. nóvember 2010

Formaður Íslandsdeildar, Ólína Þorvarðardóttir, sótti þing Norðurlandaráðs dagana 2.–4. nóvember sl. ásamt Kjartani Fjeldsted, ritara. Auk þeirra sóttu þingið formaður landsdeildar Grænlands, Josef Motzfeldt, og Færeyja, Kári P. Højgaard, sem og embættismenn. Samhliða þinginu var haldinn sameiginlegur fundur forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs. Þá átti forsætisnefndin fundi með samstarfsráðherrum Norðurlanda, menntamálaráðherrum, félagsmálaráðherrum og utanríkisráðherrum vestnorrænu ríkjanna, en fundur með sjávarútvegsráðherrum ríkjanna féll niður vegna fjarveru sjávarútvegsráðherra Færeyja og Grænlands.

Í ræðu sinni á þingi Norðurlandaráðs gerði Ólína Þorvarðardóttir björgunarmál á norðurskautinu að meginumtalsefni sínu. Sagði hún Vestnorræna ráðið hafa haft umtalsverðar áhyggjur af viðbúnaði á svæðinu allt frá því að björgunarsveit Bandaríkjahers hvarf frá Íslandi haustið 2006, ekki síst í ljósi aukinnar skipaumferðar um svæðið. Ekki mætti bíða lengur með að ná samkomulagi um samstarf á þessu sviði. Upplýsti Ólína þingið í þessu sambandi um að Vestnorræna ráðið ynni nú að aukinni samvinnu björgunarsveita vestnorrænu ríkjanna.

Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, hóf sameiginlegan fund forsætisnefndanna á því að minnst Jonathans Motzfeldt, sem lést hinn 28. október 2010. Þá vék hann að björgunarmálum á sjó, en útlit er fyrir að bindandi samningur náist þar um á næsta fundi Norðurskautsráðsins. Þá sagði Helgi að Kent Olsson, sem gegnt hefði hlutverki áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs gagnvart Vestnorræna ráðinu, hefði nú dregið sig í hlé og að tilnefna þyrfti annan í hans stað.

Ólína Þorvarðardóttir þakkaði Helga fyrir og gerði því næst grein fyrir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnarkerfi frá því í sumar. Hún sagði frá umræðu innan ráðsins um stöðu vestnorrænu landanna gagnvart málefnum norðurskautsins og þörfina fyrir skarpari stefnumótun vegna þeirra hagsmuna, áhættuþátta og sóknarfæra sem kunna að vera í húfi vegna aukinna umsvifa og umferðar um norðurpól. Því næst ítrekaði Josef Motzfeldt afstöðu Vestnorræna ráðsins til hval- og selveiða og harmaði þann skaða sem sölubann ESB á selskinni hefði valdið á Grænlandi. Þá gagnrýndi hann að ákveðin ríki og ríkjasambönd skyldu beita aflsmunum gegn smærri þjóðum, eins og hinum vestnorrænu, og tiltók sérstaklega afstöðu Noregs í viðræðum um makrílkvóta. Þórður Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, kynnti þemaráðstefnu ráðsins sem fram fer á næsta ári og bauð Norðurlandaráði að senda fulltrúa á ráðstefnuna.

Henrik Dam Christensen, sem tekur við forsæti Norðurlandaráðs fyrir árið 2011, gerði grein fyrir þeim málum sem Danir munu leggja áherslu á á formennskuári sínu. Ber þar hæst hvernig hægt sé að nýta Norðurlandasamstarfið til að auka áhrif Norðurlandanna á alþjóðavettvangi. Einnig sagði Christensen norðurskautsmál verða í brennidepli, ekki síst áhrif loftslagsbreytinga á svæðinu, og að hann mundi líklega óska eftir innleggi frá Vestnorræna ráðinu í þá umræðu. Ólína Þorvarðardóttir lýsti ánægju sinni með áherslur Dana.

Þá minnti Josef Motzfeldt forsætisnefnd Norðurlandaráðs á tilmæli Vestnorræna ráðsins þess efnis að Norðurlandaráð hætti að vísa til „sjálfstjórnarsvæða“ og notaði í staðinn orðið „land“ um Færeyjar og Grænland. Helgi Hjörvar svaraði því til að Norðurlandaráð hefði óskað eftir álitum ríkisstjórna Norðurlanda á erindinu og að svar hefði ekki borist, nema frá Álandseyjum, sem hefðu lýst sig fylgjandi tillögunni. Fulltrúi Álandseyja í forsætisnefndinni áréttaði einnig þann stuðning.

Forsætisnefndin fundaði með Össuri Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra, og Jørgen Niclasen, utanríkismálaráðherra Færeyja. Kuupik Kleist, forsætisráðherra Grænlands, komst ekki en í hans stað tók Jens B. Fredrikssen, varaforsetisráðherra, þátt í fundinum. Ólína Þorvarðardóttir skýrði ráðherrunum frá þemaráðstefnu ráðsins í júní um fiskveiðistjórnarkerfi og minnti á tilmæli ráðsins um aukna samvinnu vestnorrænu ríkjanna um stjórn á veiðum úr sameiginlegum fiskstofnum. Össur Skarphéðinsson áréttaði sérstaklega nán tengsl ríkjanna þriggja og mikilvægi vestnorræns samstarfs, sem hann sagði meiri kraft í en oft áður af hálfu Íslands. Jørgen Niclasen lýsti yfir ánægju sinni með þróun Hoyvíkursamningsins og vilja Færeyinga til þess að Grænlendingar gerðust aðilar að samningnum sem fyrst. Tók Kári P. Højgaard undir það. Josef Motzfeldt skýrði frá því að hugsanleg aðild Grænlands væri í athugun í grænlenska þinginu. Áheyrnaraðild Grænlands að þingmannanefnd Hoyvíkursamningsins mundi án efa auðvelda Grænlendingum að komast að niðurstöðu í málinu.

Þá áréttaði forsætisnefndin tilmæli sín um að haldinn yrði vestnorrænn leiðtogafundur á næsta ári. Ákveðið var að stefna að því að fundurinn yrði haldinn í tengslum við þemaráðstefnu ráðsins í Færeyjum í júní, en ef það reyndist ógerlegt væri einnig hægt að halda fundinn á sama tíma og ársfund ráðsins á Íslandi í ágúst.

Fundinn með samstarfsráðherrum Norðurlanda sátu samstarfsráðherrarnir Katrín Jakobsdóttir, Jørgen Niclasen fyrir Færeyjar, og Palle Christiansen fyrir Grænland. Ólína Þorvarðardóttir minnti ráðherrana á tilmæli Vestnorræna ráðsins um styrkingu samgangna á Vestur-Norðurlöndum og athugun á breyttu fyrirkomulagi vöruflutninga á austurströnd Grænlands. Palle Christiansen svaraði því til að nefnd væri að athuga málið og áætlað væri að hún skilaði af sér í janúar. Josef Motzfeldt áréttaði áhyggjur ráðsins af afskiptum annarra ríkja og ríkjasambanda af málefnum vestnorrænu ríkjanna, svo sem hvað varðar hval- og selveiðar. Christiansen samsinnti því og sagði að Vestur-Norðurlöndin yrðu að geta þróast á sinn hátt án utanaðkomandi afskipta. Katrín Jakobsdóttir taldi hvalveiðar og ferðamennsku fara illa saman og að hvalveiðar yrðu stórt mál í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins.

Fundur með menntamálaráðherrunum Katrínu Jakobsdóttur, Mimi Karlsen frá Grænlandi, og staðgengli menntamálaráðherra Færeyja hófst á því að Ólína Þorvarðardóttir kynnti ályktun ráðsins um vestnorrænan dag og fékk hugmyndin jákvæðar undirtektir ráðherranna. Kári P. Højgaard óskaði eftir afstöðu ráðherranna til stofnunar vestnorræns sögu- og samfélagsseturs sbr. ályktun ráðsins nr. 2/2010. Katrín Jakobsdóttir svaraði því til að fyrir dyrum stæði 9% niðurskurður til menntamála á Íslandi. Því væri ólíklegt að fjármögnun fengist til verkefnisins á næsta ári en ef til vill mætti athuga málið síðar. Fulltrúi Færeyja sagði fé til verkefnisins þegar tryggt af hálfu Færeyja og mikill stuðningur væri við málið í Færeyjum. Ólína Þorvarðardóttir fjallaði um ályktun ráðsins um viðhald Þjóðhildarkirkju og Brattahlíðar á vesturströnd Grænlands. Grænlenski ráðherrann varpaði fram þeirri hugmynd að Vestur-Norðurlöndin gætu ef til vill unnið saman að verkefninu. Ráðherrarnir sögðust jákvæðir gagnvart aukinni samvinnu ríkissjónvarpsstöðva vestnorrænu ríkjanna. Katrín Jakobsdóttir minnti þó á að RÚV væri sjálfstæð stofnun. Sögðust ráðherrarnir mundu taka málið upp við sínar ríkissjónvarpsstöðvar og hvetja til aukins samstarfs.

Loks fundaði forsætisnefndin með Guðbjarti Hannessyni, félags- og tryggingamálaráðherra, Rósu Samuelson frá Færeyjum, og Maliine Abelsen frá Grænlandi. Ólína Þorvarðardóttir hóf fundinn með því að hvetja ráðherrana til að bæta stöðu einstæðra foreldra á Vestur-Norðurlöndum. Abelsen sagði málið vera í vinnslu innan grænlensku landsstjórnarinnar og Samuelson sagði slíkan stuðning lítinn í Færeyjum. Ráðherrarnir lýstu stuðningi við að halda ráðstefnu um málið og vildi Abelsen að Álendingum yrði einnig boðið. Hvað varðar þemaráðstefnu næsta árs um húsnæði eldri borgara benti Guðbjartur Hannesson á að öll húsnæðisstefna á Íslandi væri í endurskoðun og að ályktun ráðsins passaði við þá vinnu. Samuelson sagði húsnæði fyrir eldri borgara mikið vandamál í Færeyjum. Ólína Þorvarðardóttir bauð ráðherrana velkomna á ráðstefnuna.